

**Nd.**

**230. Nefndarálit**

**[134. mál]**

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 4 20. febr. 1960, um efnahagsmál.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um frv. Ég legg til, að það verði samþykkt með allveigamiklum breytingum, en meiri hluti n. hefur ekki getað á þær fallizt. Ber ég þær breytingartillögur fram á sérstöku þingskjali. Ástæðan til þess, að þessar brtt. eru fram bornar, er það ástand, sem „viðreisnin“ svonefnda hefur skapað í landinu. Skal því gera nokkru nánari grein fyrir þessum breytingartillögum og ástæðunum til þess, að þær eru bornar fram.

**Gjaldþrot „viðreisnarinnar“.**

Tíu mánuðum eftir að „viðreisnin“ hófst, með gengislækkun, okurvöxtum, lánabanni og öðrum ófarnaði, hefur hún nú leitt yfir þjóð vora slíkt hörmungarástand, að hún hefur í mörg ár ekki þurft að horfa framan í slíkt.

Sjávarútvegurinn er að stöðvast. Samtök útgerðarmanna hafa lýst yfir því, að enginn grundvöllur sé til að reka útgerð, eins og nú standa sakir. En formælendur „viðreisnarinnar“ höfðu einmitt sagt, að með þeirra stefnu gæti sjávarútvegurinn blómgaft einn og óstuddur. Engar afsakanir um verðfall erlendis geta bjargað „viðreisnar“-postulunum í þessum efnum. Í hinni ýtarlegu greinargerð þeirra með frv. um efnahagsmál ræða þeir einmitt verðfallið á mjöli og lýsi og hafa tekið tillit til þess. Sömuleiðis segja þeir útreikninga sína miðaða við það að fyrna

framleiðslutæki, sem keypt eru á hinu nýja gengi. — Þegar eigendur framleiðslutækjanna nú lýsa yfir því, að þeir geri ekki út að óbreyttu ástandi, þá er því lýðum ljóst, að „viðreisnin“ hefur beðið algert skipbrot, hafi það verið tilgangur hennar að láta sjávarútveginn standa föstum fótum sem höfuðundirstöðu íslenzks atvinnulífs.

Afkoma almennings hefur hriðversnað, síðan „viðreisnin“ hófst. Kaupgeta tímakaups hefur minnkað um ca. 14% síðan í febrúar 1960. Slík kjararýrnun hefur ekki átt sér stað síðan 1952. Við þetta bætist svo, að það er ekki aðeins sjálf kaupgeta tímakaupsins, sem hefur minnkað, heldur hafa og sjálfar atvinnutekjurnar minnkað enn meir. Eftirvinnan er víðast hvar horfin, sem lengi var þrautalending launþega til þess að rísa undir vaxandi dýrtíð. Og svo kastar nú tólfunum, þegar atvinnuleysið bætist ofan á. Atvinnuleysið er þegar byrjað á Akureyri og fleiri stöðum úti um land. Í Reykjavík er það einnig byrjað, og húízt við, að það færast í vöxt á næstu mánuðum. Hafi „viðreisnin“ átt að vera „leið til betri lífskjara“ fyrir alþýðu manna, eins og stjórnarflokkarnir létu í veðri vaka, þá hefur hún einnig á því sviði beðið slíkt skipbrot, að jafngildir dauðadómi yfir henni frá sjónarmiði alþýðu.

Kaupgetuleysi almennings er þegar að leiða efnahagslegt hrun yfir millistéttirnar. Byggingar íbúðarhúsa eru víðast hvar að stöðvast. Framleiðsla húsgagna og annarra hluta, er gera ráð fyrir góðri afkomu almennings, er þegar komin í kreppuástand. Stöðvun og gjaldþrot vofir yfir fjölda þeirra manna, er reynt hafa að gerast bjargálna og vera sjálfstæðir smáatvinnurekendur. Sú fátækt, sem „viðreisnar“-stefnan þegar er að leiða yfir alþýðuna, er að valda efnahagslegu hruni hjá millistéttunum. Hafi það verið tilgangur „viðreisnarinnar“ að efla efnahagslega sjálfstæða millistétt í landinu, þá hefur hún beðið algert skipbrot.

Hins vegar er rétt að leggja þá spurningu í fullri alvöru fyrir valdhafana, er „viðreisninni“ stjórnna, hvort „viðreisnin“ hafi að þeirra áliti heppnast eða misheppnast, ef hún verður til þess að rýra afkomu launþega stórum, valda gjaldþroti mikils hluta millistéttarinnar, orsaka eignamissi, einkum íbúðamissi, fjölmargra manna og draga stórum úr sjávarútvegi og öðrum gömlum atvinnugreinum Íslendinga. — Það er full ástæða til þess að ætla, að þeir menn, sem reikna áhrif „viðreisnarinnar“ út fyrir fram, viti, hvað þeir eru að gera, með öðrum orðum: að tilgangur „viðreisnarinnar“ sé að þeirra áliti sá að rýra stórum líf skjör launþega, rýja millistéttina, drepa hægt og hægt niður sjávarútveginn, af því að hann er undirstaða efnahagslegs sjálfstæðis landsins, — en koma gróðanum, sem með þessu móti næst frá alþýðu, og eignunum, sem bjargálna menn eru sviptir, yfir á fáar hendur íslenzks og útlends auðvalds, sem stjórnað geti atvinnulífi á Íslandi að amerískum harðstjórnarhætti. — Hins vegar má ætla, að það sé feimnismál fyrir íslenska stjórnámálamenn að ræða, hvort þetta sé tilgangur „viðreisnarinnar“ eða skipbrot hennar. Er skiljanlegt, að þeir fáist vart til að viðurkenna, að slíkur ránsráttur sé þeirra stjórnámálastefna.

Tvennt er það, sem nokkrir verjendur „viðreisnarinnar“ hafa reynt að bera í bætifláka fyrir hana:

Annað er, að verzlunarjöfnuðurinn batni. — Það hefur aldrei verið neinn vandi á Íslandi að bæta verzlunarjöfnuð með því að gera fólkið svo fátækt, að það geti ekki veitt sér ýmsar nauðsynjar. Slík „læknisráð“ eru einföld. — Danskir einokunar kaupmenn voru sérfræðingar í slíkri viðreisn, enda var verzlunarjöfnuðurinn þá mjög „hagstæður“: miklu meira flutt út en inn!! Slíkt er einkenni allrar nýlendu kúgunar. Hitt hefur verið vandamálið, sem Íslendingar hafa talið að leysa bæri: að efla svo útflutninginn, að landsmenn gætu veitt sér meiri innflutning og lífað betur. — En „viðreisnin“ hefur farið öfugt að.

Aðrir reyna að verja „viðreisnina“ með því, að „fyrst allir tapi, þá hljóti þetta að hafa verið óhjákvæmilegt“. — Það er nauðsynlegt að athuga þetta nánar, þótt því sé slegið fram í hálfkæringi. Það má segja, að í heildinni tekið sé það svo um „viðreisnina“ og afleiðingar hennar, að útlent auðvald græðir og Ísland tapar.

Rétt er að rifja upp nokkrar staðreyndir:

1. Íslendingar tapa við gengislækkunina á annað hundrað milljónum króna við sölu á vinnu og þjónustu vegna herliðsins í landinu.
2. Þjóðartekjurnar minnka, vegna þess að meira af fiski er flutt út sem ísfiskur, en ekki fullunninn. Á vaxtaokrið þar höfuðsök.
3. Fiskimjöl er selt ódýrar en þyrfti, m. a. vegna hinna háu vaxta sem og vegna verzlunarstefnunnar.
4. Atvinnuleysið er þegar farið að draga úr þjóðartekjunum, og minnkaðar húsbyggingar valda því og að tekjur þjóðarinnar minnka.
5. Hin „frjálsa“ — eftirlitslausa — verzlun þýðir vaxandi gjaldeyrisflóttu.
6. Verzlunarstefnan hefur í för með sér minnkandi markaði og lækkað verð á fiski.

Og þó eru allt þetta aðeins byrjunarfyrirbrigði. Ef „viðreisnin“ fengi að halda áfram, kæmi í ljós, hvert stefnt er með henni. En þær afleiðingar, sem hún þegar hefur haft, ættu að nægja til þess að fá þjóðina til að risa upp og segja: Hingað og ekki lengra.

Hins vegar væri rangt að álykta af þessum fullyrðingum um, að „allir tapi“, að engir íslenzkir aðilar hafi grætt. Ýmis auðfélög, auðmenn og bankastofnanir hafa einmitt stórgreitt á landsmönnum, þó það sé fyrst og fremst útlent auðvald, sem græðir og opnar sér gróðamöguleika með „viðreisninni“.

Engu að siður er það ljóst, að hinn raunverulegi tilgangur „viðreisnarinnar“ að álitni hinna amerísku frumkvöðla hennar er: að brjóta niður sjálfstætt íslenskt efnahagslíf, svo að hægt sé að innlima Ísland sem lítinn hrepp í kreppukerfi auðvaldsins í Bandaríkjunum og á Vesturlöndum, — og að lækka svo lífskjör íslenzkrar alþýðu, að hún verði hæf til arðráns og gróða fyrir erlent auðmagn. Þessi tilgangur: að gera Ísland aftur að ósjálfstæðri, arðrændri nýlendu, má ekki takast.

Frá sjónarmiði allra þeirra Íslendinga, sem álíta, að fátækt og atvinnuleysi séu böll, sem dæmi þá stefnu, er leiði þá vágesti yfir þjóðina, hefur „viðreisnin“ hins vegar þegar beðið skipbrot, og á því að hverfa tafarlaust frá þeirri óheillastefnu.

#### Alger stefnubreyting er nauðsynleg.

Til þess að afstýra þeim voða, sem „viðreisnin“ býr þjóðinni: rýrnandi lífskjörum alþýðu, atvinnuleysi, efnahagslegu hruni og öðrum kreppufyrirbrigðum, er alger stefnubreyting nauðsynleg. Og það verður ekki of oft undirstrikað, að þótt reynt sé að draga úr verstu afleiðingum þessarar kreppustefnu með flutningi einstakra tillagna, svo sem nú verður gert, þá er höfuðatriðið og það eina, sem til frambúðar getur tryggt sibatnandi hag alþjóðar og alþýðu, að algerlega sé horfið frá þeirri kreppustefnu glundroðans og gróðalöngunarinnar, sem einkennir „viðreisnina“, og til þeirrar stefnu, sem þingflokkur Alþýðubandalagsins þing eftir þing hefur markað með flutningi frumvarpa og tillagna.

Fyrsta atriðið er, að tekin sé upp heildarstjórn á þjóðarbúskapnum samkvæmt fyrir fram gerðum áætlunum, svo sem frv. um áætlunarráð, sem nú liggur fyrir þinginu, mælir fyrir. Með því að taka upp stefnu áætlunar búskapar væri tryggð markviss aukning þjóðarframleiðslunnar og sibatnandi afkoma almennings í stað þeirrar minnkandi framleiðslu, vaxandi fátæktar og versnandi þjóðarhags, sem einkennt hefur „viðreisnina“. Það skipulagsleysi á atvinnulífínu og efnahagsmálunum, sem „viðreisnin“ skírir „frelsi“, er þegar að leiða til atvinnuleysis, auk versnandi lífskjara, — og vitanlegt er, að slíkur glundroði er dauðadómur yfir hverju nútíma þjóðfélagi. Sú kreppa, sem slíkt skipulagsleysi skapar, verður ekki endanlega yfirunnin nema með því að taka upp heildarstjórn á þjóðarbúskapnum með almenningshag fyrir augum.

Annað atriði, sem óhjákvæmilegt er að komist á, er fullkomið eftirlit með allri utanríkisverzlun, raunveruleg yfirstjórn ríkisins á utanríkisverzluninni til þess

að tryggja sem bezta hagnýtingu fyrir þjóðarheildina á öllum markaðsmöguleikum, hvar sem er í veröldinni, og sem bezta hagnýtingu á kaupgetu þjóðarinnar við öflun nauðsynja. Slik yfirstjórn útflutnings og innflutnings er bráðnauðsynleg til þess að tryggja fulla atvinnu fyrir alla landsmenn, fullkomnustu hagnýtingu allra framleiðslutækja og enn fremur hitt: að íslensk útflutningsvara sé sem mest fullunnin í landinu. Fyrir svo fámenna þjóð sem vora er óhugsandi að tryggja beztu hugsanlega afkomu atvinnulífsins og alþýðu, ef ekki er haft eins fullkomið heildarskipulag á utanríkisverzluninni og auðið er í stað þess glundroða, sem nú er reynt að koma á.

Þessi tvö atriði: áætlunarráð og yfirstjórn á utanríkisverzlun þjóðarinnar, eru nefnd hér sem dæmi um, hve algera stefnubreytingu þarf til þess að komast út úr þeirri kreppu, sem „viðreisnin“ hefur leitt þjóðina í. Yrði of langt að rekja það allt í þessu nefndarálit.

Þær breytingartillögur, sem ég flyt við þetta frv., eru því aðeins gripnar út úr heild þeirrar umbreytingar, sem gera þarf, ef vel á að vera, og miða þær að því annars vegar að rétta hlut launþega, en hins vegar að tryggja nokkuð og bæta afkomu sjávarútvegsins.

#### Bætt launakjör verkalýðs og annarra launþega.

Fyrsta brtt. mín, um gerbreytingu á 23. gr. laganna, miðar að því að bæta úr því ranglæti, sem verkalýðssamtökunum og öllum launþegum var gert, er 23. gr. var samþykkt og samningar allir við atvinnurekendur voru rofnir. Launþegar hafa nú borið þær þungu búsigjar, er þeir hafa orðið fyrir af völdum „viðreisnarinnar“, um nokkurt skeið, og á því tímabili hefur reynslan kveðið upp þann dauðadóm yfir „viðreisninni“, sem ekki verður áfrýjað. Sýnist mér, að launþegar hafi nú „fórnað“ meira en nógu, og rétt, að það sjáist, hvernig atvinnurekendur og þeirra pólitísku fulltrúar bregðast við tillögu um, að þeir taki nú að sér „fórnirnar“ um tíma.

Breytingin á vísitölu kaupmáttar tímakaupsins, samkvæmt þeim útreikningi Torfa Ásgeirssonar hagfræðings, sem ég áður hef birt sem fylgiskjal með frv. mínu um áætlunarráð, lítur þannig út fyrir árið 1960 (1945 = 100):

|           |            |
|-----------|------------|
| Janúar    | 99         |
| Febrúar   | 99         |
| Marz      | 98         |
| Apríl     | 93         |
| Maí       | 92         |
| Júní      | 89         |
| Júlí      | 88         |
| Ágúst     | 88         |
| September | 88 (87.5)  |
| Október   | 86 (86.2)  |
| Nóvember  | 86 (85.54) |
| Desember  | 85 (85.1)  |

Hefur kaupmáttur tímakaupsins þar með rýrnað um 14%, frá því að „viðreisnin“ hófst, eða um ca. 30 vísitölustig eftir gömlu vísitölunni, og aldrei verið lægri síðustu 18 ár, nema 1951 og 1952, þegar hann var árið 1951 84.7 og 1952 84.9.

Öll samtök launþega, bæði Alþýðusamband Íslands, B.S.R.B. og fleiri, hafa krafizt mun meiri launahækkunar en felst í þessari tillögu. En ef Alþingi samþykkti þessa tillögu mína og gerði um leið ýmsar ráðstafanir, sem gera mundu þjóðarbúinu og atvinnurekendum kleift að bera frekari lífskjarabætur en í þessu felast, þá væri þó að minnsta kosti stórt spor stigið, eigi aðeins til þess að bæta kjör verkalýðs og annarra launþega, heldur og til þess að reyna að tryggja frið í þjóðfélaginu, því að vart mun nokkrum detta í hug, að launastéttirnar þoli lengur lífskjaraskerðinguna miklu án róttækra aðgerða.

Samþykktir síðasta þings Alþýðusambands Íslands um efnahagsmál, launakjör og atvinnumál eru birtar hér á eftir sem fylgiskjöl I—III.

#### Bætt afkoma útflutningsframleiðslunnar.

Fjórar af breytingartillögum mínum eru fyrst og fremst miðaðar við að bæta rekstrarafkomu útflutningsframleiðslunnar.

Skal nú vikið nokkru nánar að hverri þessari tillögu.

#### Vaxtalækkun.

Lagt er til, að vextir verði færðir niður í það sama og þeir voru, áður en „viðreisnar“-löggjöfin var samþykkt. Þó er lagt til, að vextir af afurðalánnum, þ. e. a. s. þeim lánnum, sem veitt eru út á framleidda útflutningsvöru og seðlabankinn hefur endurkeypt, verði talsvert lægri en þeir áður voru, eða 2% og 2½% þegar um framlengingu er að ræða.

Vaxtalækkun samkvæmt þessari tillögu mundi gerbreyta rekstrarafkomu flestra fyrirtækja og þó mest þeirra fyrirtækja, sem framleiða vörur til útflutnings. Sem dæmi um það, hvílikur gifurlegur kostnaður vaxtagreiðslur eru orðnar í rekstri fiskiðnaðarins, skal hér nefnt dæmi úr rekstrarreikningi eins meðalstórs hraðfrystihúss:

Árið 1959 voru vaxtaútgjöld þessa frystihúss um 1 millj. kr., en allar launagreiðslur um 3.3 millj. kr. Árið 1960 verða vaxtaútgjöld þessa frystihúss, miðað við hliðstæðan rekstur, rúmlega 700 þús. kr. hærrí en árið 1959 og hafa hækkað þannig vegna „viðreisnar“-ráðstafana ríkisstjórnarinnar.

Þessi vaxtahækkun jafngildir því, að allar launagreiðslur frystihússins hefðu hækkað um 22%. Samkvæmt tillögu minni yrði þessari vaxtahækkun, eða um 700 þús. kr., létt af rekstri frystihússins. En auk þess legg ég svo til að lækka vexti af afurðalánnum úr 5%, sem þeir voru fyrir „viðreisnina“, niður í 2%. Lækkuð útgjöld þessa frystihúss, sem hér er miðað við, mundu sennilega nema um 400 þús. kr. af þeim ástæðum.

Sú vaxtalækkun, sem ég legg til að gerð verði, mundi því sennilega lækka útgjöld meðalstórs frystihúss um 1.1 millj. kr. á ári.

#### Lækkun flutningsgjalda.

Með tillögu minni er lagt til að fyrirskipa 10—20% lækkun á flutningsgjöldum íslenzkra skipa fyrir flutning á íslenskum framleiðsluvörum á erlenda markaði.

Enginn vafi leikur á því, að flutningaskipin, sem flytja afurðir landsmanna á erlenda markaði, hagnast mjög vel, síðan gengislækkunin var samþykkt. Þegar genginu var breytt, hækkuðu tekjur skipafélaganna mjög mikið, en hins vegar breyttist stærsti liður í útgjöldum þeirra, kaupgreiðslur skipverja og annarra, sem hjá félögunum vinna, ekkert. Full ástæða er því til að ákveða nokkra lækkun á flutningsgjöldum þessara aðila og láta þá lækkun koma framleiðslunni til góða, svo að hún geti m. a. staðið undir nauðsynlegri kauphækkun til verkafólks og sjómanna.

#### Lækkun váttryggingariðgjalda.

Þá legg ég til, að komið verði á fót ríkisváttryggingarfélagi, sem annist váttryggingar á fiskiskipastól landsmanna og allar aðrar váttryggingar vegna sjávarútvegsins. Sá háttur hefur verið hafður á um nokkurra ára bil, að ríkið hefur greitt að meira eða minna leyti váttryggingariðgjöld fiskibátaflotans. Í ár er ætlunin að greiða úr útflutningssjóði váttryggingariðgjöld báta og togara, og munu þau iðgjöld nema samtals um 90—100 millj. kr.

Samkvæmt þeim lögum, sem í gildi voru, áður en „viðreisnar“-löggjöfin var samþykkt, átti að greiða váttryggingariðgjöld bátaflotans frá 1. jan. til 15. febr. 1960, og er upphæð þeirra iðgjalda ekki talin með í áður nefndri fjárhæð. Ársiðgjöld alls fiskiskipastólsins eru því sennilega um 115—120 millj. kr. Auk skipa-

tryggingarinnar er um miklar aðrar tryggingar að ræða á vegum sjávarútvegsins. Þannig þarf að vátryggja alla framleiðsluna, fyrst í verkun, síðan í geymslu og næst í flutningum á erlenda markaði. Þar er um miklar tryggingar að ræða. Þá hefur útgerðin jafnan miklar veiðarfæratryggingar og oft ábyrgðartryggingar.

Allar þessar tryggingar sýnist hagstætt að sameina hjá einu ríkisvátryggingarfélagi.

Enginn vafi er á því, að tryggingarkjör sjávarútvegsins eru nú mjög óhagstæð og sennilega óhagstæðari en annars staðar þekktist. Hér er algengt, að vátryggingariðgjöld fiskibáta séu 7—9%, og varla til lægri en 5%. Í Noregi er hins vegar algengast, að iðgjaldið sé 2—3% af fiskibátum.

Vátryggingarfélagin hér á landi eru flest fyrst og fremst umboðsaðilar erlendra tryggingarfélaga. Vátrygging fiskiskipanna hér er því að mestu leyti erlend trygging.

Þar sem reynslan hefur sýnt, að ríkið verður jafnan að greiða vátryggingariðgjöld fiskiskipanna að meira eða minna leyti, virðist sjálfsagt fyrir ríkið að sameina tryggingarnar sem mest og gera tryggingarnar að eins miklu leyti innlendar og frekast er talið óhætt.

Það er skoðun mín, að á þennan hátt megi stórlækka vátryggingarkostnað sjávarútvegsins og koma þessum málum öllum miklu betur fyrir en nú er.

#### *Greiðari gjaldeyrisskil.*

Ein tillaga mín er um það að skylda alla þá, sem útflutning hafa með höndum, að gera sem fyrst full gjaldeyrisskil og skila andvirði hinnar útfluttu vöru án tafar til framleiðendanna. Nú er ríkjandi hið mesta sleifarlag í þessum efnum. Talið er, að fiskframleiðendur þurfi nú að bíða 5—6 mánuði, frá því að þeir afhenda vöruna til útflutnings, þar til þeir fá greiðsluna fyrir vöruna.

Þessi óeðlilega langi dráttur veldur framleiðendum miklum erfiðleikum og stóráuknum vaxtaútgjöldum. Meginið af fiskafurðum okkar er selt með þeim hætti, að greiðsla á að fara fram um leið og varan er flutt úr landinu. Er því augljóst, að engin ástæða er til þess, að greiðsluskil til framleiðenda dragist lengur en 1½ mánuð frá afskipun, eins og lagt er til í tillögu minni.

Verði breytingartillögur minar samþykktar, er fullvist, að fiskiðnaðurinn í landinu gæti hvort tveggja: staðið undir hækkuðu kaupgjaldi til verkafólks í samræmi við kröfur þær, sem gerðar hafa verið, og hækkuðu fiskverði til fiskiskipanna til samræmis við kröfur útvegsmanna.

Tvær af brtt. mínum, við 32. og 33. gr., mundu, ef samþykktar yrðu, fela í sér annars vegar, að vald ríkisstjórnar til að ákveða vexti hinna ýmsu stofnsjóða atvinnulífsins verður afnumið, — og hins vegar, að hin skaðlegu ákvæði, er heimila að taka sparifjárukningu frá sparisjóðum og innlánsdeildum kaupfélaga, falla burt.

Ég legg til, að frv. sé samþykkt með þeim brtt., sem ég nú hef lýst, en áskil mér að flytja fleiri brtt. við 2. eða 3. umr. málsins, ef þörf gerist.

Alþingi, 15. des. 1960.

Einar Olgeirsson.

#### Fylgiskjal I.

##### **Ályktun 27. þings Alþýðusambands Íslands um efnahagsmál.**

Þingið telur, að stefna sú í efnahags- og atvinnumálum, sem núverandi ríkisstjórn hefur markað, sé andstæð hagsmunum vinnandi fólks í landinu.

Afleiðing hinnar nýju efnahagsmálastefnu er samdráttur í atvinnulífinu og skert lífskjör vinnustéttanna.

Þingið telur, að dýrkeypt reynsla verkalýðssamtakanna af stjórnarstefnu síðastliðinna tveggja ára sanni, að eitt þýðingarmesta atriðið í hagsmunabaráttu verka-

lýðsins sé að geta treyst á öruggt samstarf við ríkisstjórn í landinu um framkvæmd á efnahags- og atvinnumálastefnu, sem sé í samræmi við hagsmuni vinnustéttanna í landinu.

Til þess að geta komið slíku samstarfi á, leggur þingið áherzlu á að auka sem mest samstöðu verkafólks, bænda og fiskimanna.

Þingið telur, að breyta verði um stefnu í efnahagsmálum þjóðarinnar í grundvallaratriðum frá því, sem nú er, og bendir m. a. á eftirfarandi:

1. Í stað skipulagsleysis, sem nú ríkir í þjóðarbúskapnum, og algers handahófs um framkvæmdir komi: Þjóðarbúskapur miðaður við fyrir fram gerða áætlun, þar sem sérstök áherzla er lögð á framkvæmdaáætlun meginverkefna.
2. Í stað samdráttar, sem nú er í atvinnulífinu, komi: Markviss uppbygging atvinnulífsins um land allt.
3. Í stað þess að láta einkahagsmuni heildsala og annarra innflytjenda ráða innkaupum til landsins og binda þar með útflutninginn við óhagkvæma markaði, komi: Viðskipti við aðrar þjóðir, sem fyrst og fremst tryggi örugga og hagstæða markaði og jafnframt vöruinnkaup.
4. Í stað þess að hafa alla útflutningsverzlun landsmanna í höndum auðhringa og einstaklinga, komi: Útflutningsverzlun á vegum ríkisins eða undir ströngu eftirliti ríkisins.
5. Í stað þess að láta nokkra auðhringa og heildsala hafa með höndum allan innflutning á ýmsum þýðingarmestu vörutegundum, svo sem olíu, benzíni, byggingarvörum o. fl., komi: Ríkisverzlun með slíkar vörur.
6. Í stað vaxtaokursins, sem nú ríkir, komi: Stórfelld vaxtalækkun og þó mest á lánum, sem veitt eru til útflutningsframleiðslunnar, til landbúnaðarins og til íbúðarhúsnæðis.
7. Í stað þess mikla milliliðakostnaðar, sem nú á sér stað í ýmsum efnum, komi: Ráðstafanir til þess að draga úr slíkum gróða, t. d. í flutningsgjöldum, váttryggingargjöldum, umboðslaunum, gróða af eignasölu o. fl. þess háttar.

Það er krafa þingsins, að unnið verði á framangreindan hátt með breyttri stefnu í efnahagsmálum að því að tryggja rekstur framleiðsluatvinnuveganna og þar með batnandi lífskjör vinnustéttanna og hagsæld þjóðarinnar í heild.

## Fylgiskjal II.

### **Ályktun 27. þings Alþýðusambands Íslands um launamál.**

Á þeim tveimur árum, sem liðin eru frá því, er 26. þing Alþýðusambands Íslands var háð, hafa orðið hin geigvænlegustu umskipti í launamálum íslenzkrar alþýðu. Með tvennum stóraðgerðum í efnahagsmálum hefur löggjafarvaldinu verið beitt af fullkomnu tillitsleysi og í algjerri andstöðu við alþýðusamtökin til þess að knýja fram stórfelldar launalækkanir og jafnframt til að skerða hefðbundin og lagaleg réttindi launastéttanna.

Með hinum svokölluðu „lögum um niðurfærslu verðlags og launa“ í ársbyrjun 1959 var samningsbundið kaup lækkað um 13.4% og raunveruleg laun samkvæmt mælikvarða vísitölu lækkuð um 10 vísitölustig eða 6%.

Enn var svo höggvið í sama knérunn með gengisfellingarlögunum í byrjun þessa árs og fjölmörgum hliðarráðstöfunum, sem í kjölfar þeirra fylgdu. Með gengisfellingunni var verð alls erlends gjaldeyris hækkað um 50—79% og nýju dýrtíðarflóði þannig hleypt af stað, en jafnframt voru launastéttirnar sviptar þeirri vernd gegn hækkuðu verðlagi, sem fólst í samningum þeirra um verðlagsuppbætur, og þannig fyrir því séð, að allar hinar miklu verðhækkningar jafngiltu beinni kauplækkun.

Jafnhliða gengisfellingunni og lögbundnu afnámi verðlagsuppbóta á laun voru útlánsvextir banka og allra fjárfestingarsjóða hækkaðir um allt að 50%, og eru þeir

nú hærri en í nokkru öðru landi veraldar. Hefur þessi taumlausa vaxtahækkun síðan verkað sem átumein í atvinnulífinu, en jafnframt falið í sér stórfellda launaskerðingu mjög mikils hluta launafólks og þó einkum þess, sem brotitzt hefur í því að leysa húsnæðismál sín.

Í skatta- og útsvarsmálum hefur orðið gagnger breyting í þá átt að stórauka óbeina skattlagningu á neytluvörur og hækka nefskatta, en lækka mjög skattlagningu á hátekjur. Á þennan hátt hefur hlutur hátekjumanna verið bættur á kostnað hinna lægra launuðu.

Á hverju stigi þeirra kjaraskerðingaraðgerða, sem hinar tvær síðustu ríkisstjórnir hafa beitt sér fyrir og knúið fram, hefur meiri hluti miðstjórnar Alþýðusambandsins mótmælt þeim í ýtarlegum og rökstuddum álitserðum og bent á hætturnar, sem þær hafa skapað atvinnulífinu. Vill 27. þing Alþýðusambandsins lýsa eindregnu fylgi sínu við viðbrögð meiri hluta miðstjórnarinnar í þessum efnunum og einnig við þá einróma ályktun, sem gerð var á ráðstefnu sambandsins 28. og 29. maí s. l. um efnahagsaðgerðir þær, er gerðar voru í byrjun yfirstandandi árs.

Þá vill 27. þing Alþýðusambands Íslands lýsa fyllsta stuðningi sínum við þær undirbúningsaðgerðir, sem farið hafa fram á þessu ári í þá átt að skipuleggja óumflýjanlega varnarbaráttu af hálfu verkalýðsfélaganna, er hafi það að markmiði að endurheimta hið fyrsta launarán síðustu tveggja ára og sækja fram til bættra lífskjara að hætti alþýðusamtaka allra grannþjóða vorra.

Kjörum íslenzkrar alþýðu er nú svo komið, að hún býr við lægri laun en alþýða annarra Norðurlanda. Þingið telur því, að það sé óumflýjanlegt verkefni íslenzkra verkalýðsfélaga á næstu mánuðum að knýja fram eftirfarandi lágmarkskröfur í kjaramálum:

1. Raunverulegar launahækkunir um 15—20%.
2. Styttingu vinnuvikunnar úr 48 stundum í 44 stundir, án kaupskerðingar.
3. Föstum vikulaunum verði komið á, þar sem því verður við komið, en annars staðar verði tímakaup 4% hærra.
4. Allir eftirvinnutaxtar verði afnumdir og öll vinna, sem unnin er umfram dagvinnu, verði greidd með 100% álagi á dagvinnukaup.
5. Laun verkakvenna verði hvergi lægri en 90% af hliðstæðum launum karla.
6. Orlofsfé verði 6% af heildarlaunum.
7. Kaupgjaldsákvæði samninga falli úr gildi og samningar komi til endurskoðunar, ef verðlag hækkar 3% eða meira.

Þingið leggur höfuðáherzlu á, að nýir kjarasamningar tryggi verkafólki raunverulegar launabætur, og krefst þess, að gerðar verði slíkar breytingar á efnahagskerfi því, sem nú ríkir, að atvinnuvegir þjóðarinnar geti með vitlegum rekstri borið þær launahækkunir, sem óumflýjanlegar eru, til þess að alþýða manna fái lifað menningarlífi.

Jafnframt lýsir þingið yfir því, að það telur kjarabætur, sem nást kynnu fram með breytingum í efnahagsmálum, er væru þess eðlis, að kaupmáttur launa ykist, ákjósanlegustu kjarabæturnar, og lýsir samtökin reiðubúin til þess að meta allar slíkar hugsanlegar aðgerðir, er boðnar kynnu að vera fram, til jafns við beinar kauphækkunir.

### Fylgiskjal III.

#### Ályktun 27. þings Alþýðusambands Íslands um atvinnumál.

##### *Inngangur.*

27. þing ASÍ telur, að skipulögð uppbygging atvinnuvega landsins með fullkomnum framleiðslutækjum sé eitt af frumskilyrðum góðra lífskjara vinnustéttanna. Það hefur því verið frá því fyrsta eitt af mestu áhugamálum verkalýðssamtakanna



að geta haft áhrif í þá átt, að aðalatvinnuvegir landsins séu búnir sem beztum framleiðslutækjum og að stjórn þeirra sé hagað í sem nánustu samræmi við hagsmuni þjóðarheildarinnar.

Þessi stefna samtakanna, að keypt væru ný og fullkomin atvinnutæki hverju sinni, hefur jafnframt verið barátta gegn hinum gamalþekktu og landlæga sjúkdómi þjóðfélags okkar, atvinnuleysinu.

Frá því að 26. þing ASÍ var haldið, haustið 1958, má heita, að atvinnuástand hafi verið sæmilega gott víða um land, enda hefur meiri fiskafli borizt á land bæði þessi ár en áður hefur þekkt hér. Þó hefur atvinna verið stopul í einstöku byggðum á þessu tímabili.

Áframhald um uppbyggingu atvinnuveganna hefur verið hægfara á nær öllum sviðum, að öðru leyti en því, að haldið var áfram með kaup á allmörgum nýjum fiskibátum og fimm nýir togarar hafa verið keyptir til landsins.

Á sviði fiskiðnaðarins hefur verið sem næst alger kyrrstaða, og svipað er að segja um aðra iðnaðarstarfsemi. Ekkert meiri háttar iðnaðarfyrirtæki hefur verið í uppbyggingu. Vatnsvirkjanaframkvæmdir hafa ekki verið aðrar en þær, að lokið var við byggingu aflstöðvarinnar við Efra-Sog.

Á yfirstandandi hausti hefur útflutningur á isfiski með togurum og öðrum fiskiskipum verið aukinn mikið frá því, sem verið hefur frá árinu 1952, að löndunarbann á islenzkan fisk var sett á í Bretlandi. Af þessu hefur leitt, að nokkur stærstu frystihúsin hafa staðið lítið eða ekkert notuð í 2—3 mánuði og margt af því verkafólki, sem við þau hefur unnið undanfarin ár, orðið atvinnulaust. Þetta hefur einnig leitt af sér, að þau fiskiskip, sem sigla með aflann, — oft hálffermi eða minna, — afla minna en ella vegna siglingatímans. Verði framhald á því, að rekstri togaranna og hinna stærstu fiskibáta verði hagað þannig, að siglt sé á þeim með fiskinn óunninn til sölu erlendis, mun leiða af því atvinnuleysi margs verkafólks jafnhliða mikilli rýrnun á gjaldeyrstekjum af rekstri þessara skipa fyrir þjóðarbúið. Með því að auka nú sölu á óunnum fiskafla á erlendan markað er verið að grafa undan starfsmöguleikum margra fiskiðjuvera og um leið atvinnu þess verkafólks, sem við þau hefur starfað. Er þar með boðið heim að nýju í nokkrum bæjum og kaupþúnum versta vágesti verkamannaheimilanna, — atvinnuleysinu, — sem um skeið hafði að mestu verið útrækur. — Er á þennan hátt að birtast verkalýðnum ein af afleiðingum hinnar nýju efnahagsstefnu stjórnarvaldanna.

Þingið lýsir sig í eindreginni andstöðu við þessa þróun í sölu sjávarafllans, en krefst þess, að áfram verði haldið á þeirri braut, að fiskafllinn verði unninn í landinu og þannig gerður að sem verðmætastri vöru fyrir þjóðarbúið.

Framleiðsluvörur landsins hafa selzt greiðlega, nema fiski- og síldarmjöl, sem ekki stent verðsamkeppni á markaðnum. Þrátt fyrir það var mestur hluti síldaraflans s. l. sumar unninn í verksmiðjum, en fyrir fram gerðir samningar um sölu saltsíldar ekki hagnýttir til fulls.

S. l. tvö ár hefur sumarsíldveiði verið langt yfir meðallagi síðastliðinna 16 ára. Þó var á þessu ári aðeins  $\frac{1}{4}$  hluti sumarsíldaraflans saltaður og af þeim sökum ekki fullnægt nema um það bil þriðja hluta af fyrir fram umsaminni sölu á saltsíld. Hefur í þessu efni verið um vítaverða óstjórn að ræða, sem skaðað hefur landið um milljónatugi, og launatekjur verkafólks þar af leiðandi orðið miklu minni.

Þingið væntir þess, að slíkt ráðslag verði ekki látið viðgangast framvegis um meðferð og hagnýtingu síldaraflans.

### *1. Sjávarútvegsmál.*

S. l. tvö ár hafa fiskveiðarnar náð þeim mikla árangri að skila afla í land, sem svarar um 100 lestum af fiski að meðaltali á hvern sjómann, sem að veiðunum hefur starfað — hvort árið um sig. Árangurinn af útfærslu fiskveiðilandhelginnar

birtist nú betur og betur með hverju missiri sem líður og hefur nú hvað best lýst sér í óvenjulega góðum afla fjölda fiskibáta við Vestur-, Austur- og Norðurland á yfirstandandi hausti.

Þingið telur, eins og fyrri þing hafa gert, að fiskveiðarnar og fiskiðnaðurinn sé og verði í náinni framtíð sá grundvöllur, sem lífskjör almennings öllu öðru fremur verði að byggja á, og einnig verði að mestu að grundvalla aðrar atvinnugreinar í landinu á gengi sjávarútvegsins.

Þingið ítrekar því kröfur fyrri þinga um, að stöðugt verði haldið áfram að endurnýja og auka fiskiskipastól landsins með nýjum og góðum skipum, stórum og smáum, eftir því sem best hentar á hverjum stað. Fiskiðnaðurinn verði stöðugt endurbættur, og fjölbreytni framleiðsluvaranna aukin. Hafnirnar verði stórbættar og viðskiptamálum sjávarútvegsins komið í svo gott horf sem kostur er á.

Þingið leggur ríka áherzlu á, að eftirtaldar aðgerðir verði framkvæmdar á næstu tveimur árum til eflingar sjávarútveginum:

1. Að áfram verði haldið að endurnýja og auka fiskiskipastól landsins með ekki færri en 25—30 nýjum vélbátum árlega og togaraflotinn verði stöðugt endurnýjaður með ekki færri en 2—3 nýjum togurum árlega. Verði byggt á nýjustu reynslu, innlendri og erlendri, um gerð skipa og búnað hverju sinni.
2. Að mikið átak verði gert um skipulagða uppbyggingu hafnanna. Verði að því stefnt, að á næstu 10 árum verði allar hafnir, sem mikið gildi hafa fyrir fiskveiðar og samgöngur landsins, gerðar vel öruggar fyrir báta og skip. Útvegað verði erlent lánsfé með svo hagstæðum kjörum sem kostur er á til hafnarframkvæmdanna.
3. Að gerðar verði sérstakar opinberar ráðstafanir til aukinnar vöruvöndunar og meiri fjölbreytni í framleiðslunni, m. a. með því, að veitt verði hagstæð lán til uppbyggingar og eflingar niðursuðu sjávarafurða og til að byggja upp síldarsöltunarstöðvarnar. Lagt verði kapp á að salta svo mikið af síldaraflanum sem fært er og að allur saltfiskur verði fullverkaður í landinu.
4. Að vísinda- og tæknirannsóknir vegna fiskveiða og fiskiðnaðar verði auknar mikið frá því, sem nú er, m. a. með auknum fjárframlögum frá ríkinu. Verði öll starfsemi á því sviði sameinuð hjá einni stofnun á vegum ríkisins. Byggt verði þegar á næsta ári fullkomið fiski- og hafrannsóknaskip og því haldið stöðugt út við rannsóknir í þágu fiskveiðanna.
5. Að leitað verði til hlítar orsakanna fyrir hinu óeðlilega lága fiskverði, sem vinnslustöðvarnar greiða, og gerðar ráðstafanir til að nema á burt óeðlilegan milliliðagróða, vaxtaokur, hvers konar óstjórn og aðrar viðráðanlegar ástæður, sem hlut eiga í hinu óhæfilega lága fiskverði.
6. Að ríkið taki í sínar hendur alla verzlun með oliu, smurningsoliur og báta- og skipavélar. — Verði útveginum seldar þessar nauðsynjavörur við sannvirði.

## II. Iðnaðarmál.

Með hinni miklu fólksfjölgun í landinu, er nemur milli 3 og 4 þúsund manns á ári hverju, er efling og vöxtur iðnaðarins mjög þýðingarmikill, þar eð sýnt er, að það verður hlutverk iðnaðarins að veita ríflegum hluta fólksfjölgunarinnar atvinnu. Til eflingar og vaxtar iðnaðarins leggur þingið til, að eftirtaldar ráðstafanir og framkvæmdir verði gerðar af því opinbera:

1. Að stöðugt verði haldið áfram vatnsvirkjanaframkvæmdum til raforkuframleiðslu í svo stórum stíl, að tryggt verði, að nægilegt rafmagn verði fyrir vaxandi iðnað auk heimilisþarfa. Kappkostað verði að tengja saman með háspennulínum orkuveitusvæði landsins, svo fljótt sem fært reynist.
2. Að lagt verði kapp á, að allar fiskiskipabyggingar, jafnt úr tré og stáli, og skipaviðgerðir fyrir landsmenn verði framkvæmdar í landinu. Komið verði upp

fleiri dráttarbrautum fyrir skip og báta en nú eru til, svo að hægt verði á hagkvæman hátt að fullnægja viðgerðarþörf og nýbyggingum fiskiskipaflotans í öllum landshlutum.

3. Að lánastarfsemi til nýbygginga og rekstrar iðnaðarins verði mikið aukin. Verði séð fyrir því, að hagstæð lán fái til uppbyggingar nýrra og nauðsynlegra iðnaðarstöðva.
4. Að hraðað verði, svo sem fært er, nauðsynlegum rannsóknum í sambandi við stofnun nýrra framleiðslugreina í iðnaði, sem byggist á hagnýtingu vatns- og jarðhitaorku landsins.
5. Að hafizt verði handa um stækkun áburðarverksmiðjunnar í Gufunesi. Enn fremur verði eignarréttur ríkisins á verksmiðjunni tryggður í lögum.
6. Að haldið verði stöðugt uppi nægilegri byggingarstarfsemi, sérstaklega byggingu nægilegs íbúðarhúsnæðis. Verði í þeim tilgangi útvegað lánsfjármagn til aukinnar lánastarfsemi Byggingarsjóðs verkamanna og Byggingarsjóðs ríkisins og lánsupphæðir til eigin íbúða þegar hækkaðar hlutfallslega vegna aukins byggingarkostnaðar.

### *III. Landbúnaðarmál.*

Þingið telur mikilsvert, að áfram verði haldið við að efla og bæta landbúnaðinn, bæði til að tryggja sem bezt kjör þeirra, sem við landbúnaðinn vinna, og til þess að hann verði sem bezt fær um að uppfylla vaxandi þarfir þjóðarinnar fyrir landbúnaðarvörur. Verði að því keppt, að landbúnaðurinn geti fullnægt þörfum landsmanna fyrir fjölbreytt grænmeti og aðra garðávexti, og verði í því efni m. a. komið upp fullnægjandi grænmetisgeymslum. Unnið verði að aukinni kornrækt í þeim héruðum, sem bezt eru til kornræktar fallin. Enn fremur verði skógrækt aukin sem víðast á landinu. Keppt verði að því og fyrir því greitt á næstu árum, að ekkert býli hafi minna en 15 hektara fullræktaðs lands.